

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 22. júní 1995

um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tiltekna afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir og lifandi samlokur (tvískelja lindýrum) frá

(95/408/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Afurðir úr dýraríkinu, fiskafurðir og lifandi samlokur eru á vörulistanum í II. viðauka við sáttmálann. Sett hafa verið heilbrigðisákvæði um framleiðslu og markaðssetningu í bandalaginu.

Fyrirkomulag bandalagsins á innflutningi frá þriðju löndum hefur verið skilgreint. Með fyrirkomulaginu er gert ráð fyrir að gerðar verði skrár yfir starfsstöðvar þriðju landa sem innflutningur tiltekinna afurða er leyfður frá í samræmi við a-lið 2. mgr. 14. gr. B í tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt ⁽³⁾, 1. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 72/462/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðis-

og heilbrigðiseftirlitsvanda við innflutning á nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og nýju kjöti eða kjötafurðum frá þriðju löndum ⁽⁴⁾, c-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) ⁽⁵⁾, c-lið 4. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽⁶⁾, a-lið 3. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 92/45/EBE frá 16. júní 1992 um vanda á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis er tengist drápi villtra veiðidýra og um markaðssetningu villibráðar ⁽⁷⁾, a-lið 3. mgr. 23. gr. tilskipunar ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992 um heilbrigðisreglur fyrir framleiðslu og markaðssetningu hrámjólkur, hitameðhöndlaðrar mjólkur og mjólkurafurða ⁽⁸⁾ og b-lið 3. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 208, 28. 7. 1994, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 276, 3. 10. 1994, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/116/EBE (Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1601/92 (Stjtið. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með EES-samningnum.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með EES-samningnum.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1992, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/116/EBE (Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 1).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/330/EB (Stjtið. EB nr. L 146, 11. 6. 1994, bls. 23).

við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE ⁽¹⁾ hvað varðar smitefni, gilda ekki um.

2. gr.

Til að veita nauðsynlegan frest svo að unnt sé að framkvæma skoðanir bandalagsins í þriðju löndum til að sannreyna að starfsstöðvar þeirra samræmist ákvæðum bandalagsins og til að koma í veg fyrir röskun á innflutningi frá þriðju löndum skal nota einfaldað viðurkenningarkerfi á tilteknu aðlögunartímabili.

Á aðlögunartímabilinu skal þar til bært yfirvald í hlutaðeigandi þriðja landi veita ábyrgð fyrir því að heilbrigðisvernd manna og dýra sé í samræmi við ákvæði bandalagsins. Eingu er heimilt að tilgreina starfsstöðvar í skránum ef hlutaðeigandi þriðja land veitir nauðsynlegar ábyrgðir fyrir því að farið sé að reglum bandalagsins.

Setja skal ákvæði um málsmeðferð fyrir náð og skilvirkt samstarf milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

Setja skal ákvæði sem gera ráðinu kleift að framlengja núgildandi bráðabirgðaráðstafanir til að koma í veg fyrir röskun hefðbundinna viðskipta.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Ákvörðun þessi gildir um gerð bráðabirgðaskráa yfir starfsstöðvar í þriðju löndum sem innflutningur aðildarríkjanna á afurðum, sem eru skilgreindar í a-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðisefirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum, er heimilaður frá ⁽²⁾. Þessar skrár yfir starfsstöðvar skulu gilda þar til gerðar hafa verið endanlegar skrár yfir starfsstöðvar í samræmi við ákvæði hinna ýmsu tilskipana um heilbrigðisreglur fyrir hverja viðkomandi afurð.

2. Ákvæði 2. gr. þessarar ákvörðunar skulu ekki gilda um gerð skráa yfir starfsstöðvar í þriðju löndum sem innflutningur aðildarríkjanna á nýju kjöti, eins og það er skilgreint í þriðju málsgrein 1. gr. tilskipunar 72/462/EBE, er heimilaður frá.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/723/EB (Stjtið. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 48).

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1601/92 (Stjtið. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13).

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. gr., að gera bráðabirgðaskrár yfir starfsstöðvar í þriðju löndum sem innflutningur aðildarríkjanna á afurðum, sem falla undir 1. gr., er heimilaður frá, svo framarlega sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) starfsstöðvarnar eru í þriðja landi eða hluta þriðja lands sem er í skránni yfir þriðju lönd sem innflutningur á viðkomandi afurðum er heimilaður frá;
- b) starfsstöðin er í þriðja landi eða hluta þriðja lands sem viðeigandi innflutningsskilyrði og vottunarkröfur hafa verið ákveðin fyrir, að því er viðkomandi afurðir varðar, í samræmi við ákvæði sértilskipana;
- c) lögbært yfirvald hlutaðeigandi þriðja lands hefur veitt framkvæmdastjórninni fullnægjandi ábyrgð fyrir því að starfsstöðvarnar, sem eru í skránni eða skránum, fullnægi viðeigandi heilbrigðiskröfum bandalagsins og hefur viðurkennt með formlegum hætti, að því er útlutning til bandalagsins varðar, starfsstöðvarnar sem eru tilgreindar í skránum;
- d) lögbært yfirvald þriðja lands hefur tilskilda heimild til að fella niður um tíma starfsemi vegna útflutnings til bandalagsins, sem fer fram í starfsstöð sem það yfirvald hefur veitt ábyrgðir fyrir, ef ekki er staðið við ábyrgðirnar;
- e) skoðunarhópur frá bandalaginu eða aðildarríki hefur eftirlit með uppbyggingu og skipulagi hjá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á viðurkenningu starfsstöðvarinnar, ásamt heimildum hlutaðeigandi yfirvalds og þeim ábyrgðum sem það er fært um að veita með tilliti til framkvæmdar á reglum bandalagsins. Þetta eftirlit skal fela í sér vettvangsskoðanir á tilteknum fjölda starfsstöðva sem eru tilgreindar í skránni eða skránum sem þriðja landið leggur fram.

2. Að því er varðar fiskafurðir, eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 91/493/EBE, skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. gr., gera skrá yfir þriðju lönd eða hluta þriðju landa sem innflutningur á fiskafurðum er heimilaður frá, ef lögbært yfirvald þriðja landsins hefur veitt framkvæmdastjórninni ábyrgðir sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim ábyrgðum sem kveðið er á um í tilskipun 91/493/EBE.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr., að breyta eða fullgera skrárnar sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. svo að unnt sé að taka tillit til nýrra upplýsinga sem berast.

4. Ef skilyrðum e-liðar 1. mgr. er ekki fullnægt er framkvæmdastjórninni heimilt, að því tilskildu að öllum öðrum

skilyrðum sé fullnægt, að gera bráðabirgðaskrár yfir starfsstöðvar sem innflutningur er heimilaður frá í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr. Þó má ekki draga úr tíðni eftirlits með ástandi sem kveðið er á um samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE, að því er varðar innflutning frá starfsstöðvum sem eru tilgreindar í þessum skrá, fyrr en unnið hefur verið úr upplýsingum um innflutning frá þessum starfsstöðvum í hlutaðeigandi þriðja landi sem eru veittar samkvæmt 3. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar.

3. gr.

1. Einnig má beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. gr.:

- i) til að breyta skrá yfir viðurkenndar starfsstöðvar, sem eru gerðar í samræmi við 4. gr. tilskipunar 72/462/EBE, til samræmis við þær upplýsingar sem hlutaðeigandi þriðja land veitir;
- ii) til að breyta skrá yfir starfsstöðvar og/eða skrá yfir verksmiðjuskip, sem eru gerðar í samræmi við 5. mgr. 11. gr. tilskipunar 91/493/EBE, til samræmis við þær upplýsingar sem hlutaðeigandi þriðja land veitir;
- iii) til að breyta skrá yfir starfsstöðvar, sem eru gerðar í samræmi við c-lið 3. mgr. 9. gr., og skrá yfir framleiðslusvæði, sem eru afmörkuð í samræmi við ii-lið b-liðar 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 91/492/EBE, til samræmis við þær upplýsingar sem hlutaðeigandi þriðja land veitir;
- iv) til að breyta skrá yfir starfsstöðvar sem eru gerðar í samræmi við b-lið 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 92/118/EBE.

2. Ef þurfa þykir skal framkvæmdastjórnin framkvæma vettvangskönnun áður en skrá er breytt.

4. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE ⁽¹⁾ og kallast hér á eftir „nefndin“, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brynt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álitni, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um tillögur hlutaðeigandi þriðja lands að breytingum á skránum yfir starfsstöðvarnar, innan fimm virkra daga frá því að tekið er við tillögnum.

2. Aðildarríki skulu hafa frest, sem er sjö virkir dagar frá því að tekið er við tillögum að breytingum á skránum yfir starfsstöðvarnar sem um getur í 1. mgr., til að afhenda framkvæmdastjórninni skriflegar athugasemdir.

3. i) Ef að minnsta kosti eitt aðildarríki leggur fram skriflegar athugasemdir skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum um það innan fimm virkra daga og taka málið upp á næsta fundi fastanefndarinnar um dýraheilbrigði með tilliti til ákvarðanatöku í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr.

ii) Ef engar athugasemdir berast frá aðildarríkjunum innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. mgr. ber að líta svo á að aðildarríkin samþykki breytingarnar á skránum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um það innan fimm virkra daga og innflutningur skal heimilaður frá viðkomandi starfsstöðvum eftir að fimm virkir dagar eru liðnir frá því að aðildarríkin tóku við þessum upplýsingum.

4. Framkvæmdastjórnin skal með jöfnu millibili og eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti samþykkja þær ákvarðanir sem eru nauðsynlegar vegna uppfærslu skrána yfir starfsstöðvar og birta þær opinberlega í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Ákvörðun 94/941/EBE falli hér með úr gildi.

7. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja nauðsynlegar aðlögunarráðstafanir til að auðvelda gerð bráðabirgðaskráa yfir starfsstöðvar og skipuleggja notkun þeirra í samræmi við þessa ákvörðun.

8. gr.

Í þessari ákvörðun gildir 19. gr. tilskipunar 90/675/EBE að því er varðar verndarráðstafanir. Ef brot eru endurtekin strikar framkvæmdastjórnin hlutaðeigandi starfsstöð út úr bráðabirgðaskránni.

9. gr.

Ákvörðun þessi skal gilda til 31. desember 1996 nema ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykki með auknum meirihluta atkvæða að framlengja gildistíma hennar.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

Ph. VASSEUR

forseti.